



# Norðfirðingur

3. tölublað 2003

28.árgangur

## **Síldarball**

**Hið árlega síldarball**

**Norðfirðingafélagsins verður haldið**

**laugardaginn 15. nóvember í**

**Gullöldinni Hverafold 5 Grafarvogi.**

**Boðið verður upp á síld að heiman og**

**snafs með.**

**Mætum öll snemma og málum staðinn**

**rauðan Húsið opnar kl 2100**

**26.Nóvember Fyrirlestur um Grænland**

Sjá nánar inni í blaðinu

## Félagsstarfið

Ágætu félagar, við í stjórn Norðfirðingafélagsins erum sífellt að reyna nýja hluti til að reyna að fá félagsmenn til að hittast, en það gengur misjafnlega. Því miður virðist áhuginn fyrir félagsstarfinu mjög lítill.

Það hefur sýnt sig að aðsóknin að samkomum Norðfirðingafélagsins dregst saman ár frá ári. Sólarkaffið hefur alltaf verið vel sótt en síðustu tvö árin hefur fækkað mjög á sólarkaffinu, síðasta á greiddu aðeins um 60 manns aðgangseyri. Sama á við um Síldarballið það minnkar þátttakan jafnt og þétt.

Í vor sem leið var haldið spilakvöld til prufu og mættu 12, þar af 3 úr stjórninni.

Í sumar voru farnar þrjár gönguferðir og var þátttakan heldur dræm, í síðustu ferðina sem átti að ljúka með grillveislu í boði félagsins mætti enginn.

Hvað er til ráða?

Er þetta þjóðfélagspróun sem lýsir sér í áhugaleysi fyrir félagsstarfi og átthögunum, eru allir svona uppteknir eða erum við í stjórninni að gera eitthvað

rangt? Ég skora á þá sem luma á góðum hugmyndum eða hafa eitthvað til málanna að leggja að hafa samband við einhvern úr stjórninni og koma tillögum sínum á framfæri.

Við erum þrátt fyrir allt ekki alveg af baki dottin í stjórninni, við ætlum að halda síldarball að venju, við ætlum að halda fyrirlestur um Grænland og grænlenka menningu og síðar verður að sjálfsögðu sólarkaffið. Hugsið málið og hafið í huga að sameinuð stöndum við, en sundruð föllum við.

## **Fyrirlestur um Grænland**

Benedikte Thorsteinsson fv. Félagsmála ráðherra Grænlands ætlar að flytja fyrir okkur fyrirlestur um Grænland, grænlenka menningu og möguleika á ferðalögum til Grænlands.

Þetta er kjörið tækifæri til að fræðast um nágranna okkar í vestri, hagi þeirra og menningu. Ég þori að fullyrða að þar kemur margt á óvart.

Fyrirlesturinn verður haldinn 26 nov. Kl 2000 í safnaðarheimili

**Fella og Hólakirkju**

**Hólabergi 88**

**111 Breiðholti**

**Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.**

Sendum heim VISA EUROCARD

**Blómabúðin Laufskálinn**

**S.477-1212 Fax 477-1012**

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Reikningur 0101-26-11959 Landsbankinn

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 108 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson (567 0667)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)